


Á þessu korti má sjá aðalgatnakerfi Reykjavíkur, eins og Skipulagsnefnd leggur til að það verði á næstu 20 árum . Má t.d. benda á nýjan veg af Suðurlandsvegi við Rauðavatn í sveig suður fyrir Breiðholtsbyggð (sjá strikalínu neðst til hægri). Fossvogsbraut er þarna að vísu óbreytt frá fyrri áformum, en hefur þó ekki verið ákveðin, en brautin upp Elliðaárdal er horfin. Þá má benda á hvernig Hringbraut hefur verið flutt til suðurs við flugvöllinn. Annars skýrir kortið sig sjálft og frekari skýringar eru í texta og á skipulagssýningu á Kjarvalsstöðum.

Skipulagsbreytingar á aðalgatnakerfi Reykjavíkur

Reiknað með 73 þúsund bílum árið 1995

Við endurskoðun á aðalgatnakerfinu í Reykjavík, sem Þróunarstofnun hefur unnið að og skipulagsnefnd mótað nýjar tillögur um til næstu 20 ára, hafa verið gerðar ýmsar veigamiklar breytingar frá staðfestu aðalskipulagi, sem nú gildir. Þær tillögur eru meðal þess, sem um þessar mundir er verið að kynna á skipulagssýningu Reykjavíkurborgar á Kjarvalsstöðum.

Skipulagsnefnd leggur m.a. til, að felldar verði niður ýmsar af þeim svokölluðu stofnbrautum, sem ákveðnar höfðu verið eða að þeim verði frestað og breytt. Má þar nefna, að framkvæmd Geirsgötubrúar, sem á að liggja upp á Tollstöðina, verður frestað fram yfir næsta skpulagstímabil. Mýrargatan verður alveg felld niður sem stofnbraut og gerð að þjónustugötu fyrir höfnina. En við það þarf að rífa færri hús eða flytja brott en gert var ráð fyrir í skipulaginu frá 1967, er hraðbraut lá þar um. Þá er alveg hætt við að leggja Suðurgötu áfram gegnum Grjótaþorpið að Geirsgötubrú, og Suðurgata milli Hringbrautar og Túngötu verður ekki stofnbraut, heldur aðeins tengibraut. Suðurlandsvegur, frá Rauðavatni að Höfðabakka, verður alveg felldur niður. Einnig verður Ánanaust ekki lengur stofnbraut heldur breytt í tengibraut.

Rétt er hér að gera grein fyrir því, að í Reykjavík er stefnt að svokölluðu flokkuðu gatnakerfi, þar sem götur eru flokkaðar eftir hlutverki þeirra. Í efsta flokki eru stofnbrautir, sem hafa það hlutverk að flytja umferð milli bæjarhluta. Næst eru tengibrautir, sem tengja saman hverfi og stofnbrautir, en þessar tvær tegundir brauta mynda aðalgatnakerfið, sem hér er fjallað um.



Hætt hefur verið við að leggja Dalbrautina þar sem hún átti að liggja milli Sundlaugavegar og Holtavegar neðan við húsin við Laugarásveg.

Hringbraut flyzt 190 m til suðurs

Áformað er að flytja Hringbrautina frá Tjarnarenda að Miklatorgi, suður fyrir Umferðarmiðstöðina. Flytzt Hringbrautin þar 190 m til suðurs. Samkvæmt samningi, sem borg og ríki gerðu 1969, var gert ráð fyrir að flytja Hringbrautina 50 m til að tryggja Landspítalanum nauðsynlegt rými til stækkunar spítalans. Við nánari útfærslu á byggingarforsögn Landspítalans og vegna byggingaráforma læknadeildar, komu í ljós vissir annmarkar á þessari legu Hringbrautar. Fyrst og fremst þeir , að mikil umferðaræð skildi að starfsemi, sem krefst mikilla og góðra tengsla innbyrðis, eins og segir í bókun skipulagsnefndar. Auk þess voru óleystir vissir erfiðleikar við tengingu innra gatnakerfis og hins ytra. Gagnvart Reykjavíkurflugvelli voru einkum erfiðleikar við lausn gatnamóta Sóleyjargötu og Hringbrautar, sem ekki var hægt að leysa án styttingar á flugbrautinni þar. Með flutningi Hringbrautar svo langt í suður, nást ýmsir meginkostir umfram fyrri áform, m.a. að innri tengsl á og við lóð Landspítalans eru mun auðveldari, viðunandi tengsli nást við Umferðarmiðstöðina, lausn fæst á tengingu Hringbrautar og Sóleyjargötu, án þess að skerða þurfi norðurenda flugbrautar. En miðað er við að Hringbraut verði svo niðurgrafin þarna að ekki þurfi að skerða brautina þar, hugsanlega yrði þó um lítilsháttar tilfærslu að ræða á aðflugsljósabúnaði. Með þessu móti er talið mun auðveldara að ráðast í gerð umferðarmannvirkja á Miklatorgi, þannig að ekki valdi röskun á umferð á torginu og Hringbraut. Jafnframt opnast möguleiki á vinstri beygju af framlengdum Bústaðavegi. Með þessu móti er svo staðfest lega svonefnds Hlíðarfótavegar, sem liggur suður fyrir Öskjuhlíð, en norð og austur flugbrautin skerðist. Er gert ráð fyrir lengingu brautar-